



UST

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. <i>DA</i>
27 JULI 2004
54.52
Tilv. <i>UST20040700057</i>

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík
Sími: 570 1000
Félagsnúmer: 570 1000
Netfang: ust@ust.is
Vefur: ust.is

26. júlí 2004

Tilvísun: UST20040700057/6á

Tengibraut Úlfarsfell-Baugshlíð. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 9. júlí sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Efnistaka

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur m.a. fram að til að koma í veg fyrir óþarfa efnisflutninga sé lögð áhersla á að uppúrtekt verði notuð sem mest á staðnum. Einnig kemur fram að engin efnistaka verði á staðnum og að aðflutt efni verði sótt í námur sem eru í rekstri. Umhverfisstofnun minnir á að ef opnaðar verða nýjar námur vegna framkvæmdarinnar þarf að uppfylla ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Verndarsvæði

Úlfarsá frá upptökum til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna er á náttúruminjaskrá. Eftirfarandi lýsing er á svæðinu í skránni:

Úlfarsá og Blikastaðakró, Reykjavík, Mosfellsbæ. (1) Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðia, víða grónir valllendisbakkar, fjölbreyttar og lifauðugar fjörur.

Við það er miðað þegar vötn, tjarnir og ár eru sett á náttúruminjaskrá að um sé að ræða vatnið sjálft og 100 m breitt belti meðfram því (ath. texta í skránni).

Úlfarsá er skilgreind sem hverfisverndarsvæði í staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Hvað varðar Úlfarsá norðan Vesturlandsvegur er tiltekið lífríki árinna, nánasta umhverfi, gróðurfar og fuglalíf. Samkvæmt aðalskipulaginu skal allri mannvirkjagerð haldið í lágmarki á hverfisverndarsvæðum.

Úlfarsá og 100 m belti beggja vegna árinna er jafnframt skilgreint sem hverfisverndarsvæði í staðfestu aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024. Í hverfisverndarákvæðum fyrir ána kemur

m.a. fram að mannvirkjagerð er takmörkuð innan svæðisins en gert er ráð fyrir að um það liggi göngu- og reiðstígar.

Fyrirhuguð tengibraut er aðeins í 50 m fjarlægð frá Úlfarsá þar sem hún liggur næst ánni, en framkvæmdasvæðið sjálft er skilgreint sem 20-30 m belti. Eins og bent hefur verið á hér að framan hefur Úlfarsá mikið verndargildi vegna lífríkis árinna og umhverfis, en ekki síður sem útivistarsvæði í þéttbýli. Með fyrirhuguðum vegaframkvæmdum, bæði fyrirhugaðri tengibraut og öðrum vegum á svæðinu, og aukinni byggð má segja að sífellt sé þrengt að ánni. Telja verður að sammögnunaráhrif þessara framkvæmda geti haft veruleg áhrif á lífríki árinna ef ekki er varlega farið. Í því sambandi má t.d. benda á að lífríki Elliðaáa hefur farið hnignandi undanfarin ár. Jafnframt hefur svæðið meira gildi sem útivistarsvæði ef þess er gætt að halda mannvirkjagerð í lágmarki á fremur breiðu svæði meðfram ánni. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að þess verði gætt að fara ekki of nærri ánni við framkvæmdir, s.s. vegagerð. Að mati stofnunarinnar ætti að gera ráð fyrir að við ána sé að a.m.k. 100 breitt svæði beggja megin ár þar sem ekki er gert ráð fyrir annarri mannvirkjagerð en þeirri sem tengist útivist, s.s. stígagerð. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að samkvæmt Staðardagskrá 21 fyrir Reykjavík, sem samþykkt var í borgarráði þann 6. febrúar 2001, er það stefna Reykjavíkurborgar að vinna að stofnun fólkvangs og friðlýsingu á 100-250 m svæði umhverfis Úlfarsá, Leirvogsa og vatnasvæði Elliðavatns (Bugðu, Suðurá, Hólmsá) í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög.

Umhverfisstofnun telur því að fyrirhuguð tengibraut fari of nærri Úlfarsá og að endurskoða ætti legu hennar þannig að hún liggi í a.m.k. 100 m fjarlægð frá ánni.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá. Stofnunin bendir á að umsögn stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum jafngildir ekki umsögn skv. 38. gr laga um náttúruvernd.

Gróður

Í tilkynningu um framkvæmdina er í umfjöllun um gróður vísað til gróðurkorts Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Vitnað er til gróðurkorts Rala frá 1988 og þess að samkvæmt gróðurkorti einkennist land mjög af ræktuðu eða röskuðu landi. Einnig kemur fram í tilkynningunni að votlendi raskist ekki við framkvæmdina.

Umhverfisstofnun bendir á að gróðurkortið sem vísað er til er komið nokkuð til ára sinni. Einnig hefur ekki farið fram sérstök úttekt á því hvort á svæðinu sé að finna sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista, né sérstök gróðursamfélög. Stofnunin telur þó ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á gróður þar sem tengibrautin liggur að miklu leyti um svæði sem nú þegar hefur verið raskað með mannvirkjagerð.

Fuglalíf

Í tilkynningu um framkvæmdina segir:

„Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúruferfarir í austurlandi Reykjavíkur er fjallað um fuglalíf við Úlfarsá frá upptökum til ósa.

....Í stórum dráttum er fjölbreytileikinn meiri og tegundir fleiri næst ánni og ofan Vesturlandsvegur. Vegna legu götunnar fjarri Úlfarsá mun framkvæmdin ekki hafa áhrif á mikilvæg búsvæði fugla á svæðinu.”

Af þeim tegundum sem taldar eru upp í 4. töflu í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru 9 tegundir á valista, þ.e. helsingi, fálki, grágæs, gulönd, himbrimi, hrafn, svartbakur, stormmáfur og straumönd, en flestar þessara tegunda eru sjaldgæfir gestir við Úlfarsá. Grágæs og stormmáfur eru varpfuglar og gulönd er algengur vetrargestur en þessar tegundir halda sig að mestu við ofanverða ána.

Það svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands kannaði við athugun á fuglalífi nær ekki til alls framkvæmdasvæðisins, enda var athugunarsvæði fugla eingöngu um 200-300 m breitt belti við ána. Miðað við það land sem vegurinn liggur yfir samkvæmt gróðurkortu Rala telur Umhverfisstofnun þó ólíklegt að þar sé að finna sérstakt fuglalíf.

Með hliðsjón af ofansögðu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Vatnafar

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að allt ofanvatn frá götunni sunnan Korpúlfsstaðavegar fari í settjarnir sem væntanlega verði staðsettar sunnan við ræktunarreit Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Frárennsli frá götunni norðan Korpúlfsstaðavegar verði meðhöndlað á sama hátt og annað ofanvatn frá götum í íbúabyggð sem rísa mun á Blikastaðalandi.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ofanvatni verði ekki veitt óhreinsuðu í Úlfarsá og að ráðist verði í fyrirhugaðar mengunarnarir samhliða vegaframkvæmdunum, enda mikilvægt að viðkvæmu lífríki árinna verði ekki raskað. Úlfarsá telst hafa mikið verndargildi, sbr. umfjöllun hér að framan. Benda má á að í greinargerð með staðfestu aðalskipulagi Mosfellsbæjar segir m.a. um flokkun vatnasvæða: „Setja ber langtíamarkmið um flokkun vatnasvæða á sama hátt og um strandsvæði. Allar árnar í sveitarfélaginu og umhverfi þeirra eru skilgreindar sem hverfisverndarsvæði. Þær hafa mikið útivistar- og umhverfisgildi. Stefnt er að því að Leirvogsa og Úlfarsá verði vatnasvæði í flokki I.” Hafa verður í huga að fyrirhugaðar eru margar framkvæmdir í nágrenni árinna, bæði vegaframkvæmdir og aukin byggð, og geta sammögnunaráhrif þessara framkvæmda orðið töluverð ef ekki er gætt fyllstu varúðar og gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir mengun árinna.

Hljóðvist

Umhverfisstofnun bendir á að tryggja verður að hljóðstig verði innan viðmunarmarka reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Jafnframt bendir stofnunin á að í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða hefur Umhverfisstofnun þá viðmiðun að í nýskipulögðum íbúðarhverfum skuli allt gert til að hljóðstig frá umferð fari ekki yfir 45 dB sem er leiðbeiningargildi reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Sama viðmiðun er viðhöfð varðandi útivistarsvæði í þéttbýli. Stofnunin bendir á að framkvæmdaraðili miðar ekki við þetta gildi í umfjöllun sinni.


Gerðir hafa verið útreikningar á hljóðstigi vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Samkvæmt þeim verður hljóðstig á útivistarsvæðum eða íbúðarbyggð næst vegi yfir viðmiðunargildi reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða nema að gripið verði til hljóðvarna.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að íbúum verði kynnt áhrif fyrirhugaðra framkvæmda, þ.m.t. sjónræn áhrif hljóðvarna og nánari útfærsla sé gerð í samráði við þá.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd eins og henni er lýst í tilkynningu framkvæmdaraðila muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur þó að tengibrautin liggji of nærri Úlfarsá þar sem hún liggur næst ánni og að leggja bera tengibrautina þannig að hún verði í a.m.k. 100 fjarlægð frá Úlfarsá. Tryggja verður að hljóðstig verði innan viðmunarmarka reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða og jafnframt bent á að í nýskipulögðum íbúðarhverfum skuli allt gert til að hljóðstig frá umferð fari ekki yfir 45 dB sem er leiðbeiningargildi reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða .

Umhverfisstofnun minnir á að leita skal umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdina skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.


Olafur Arnason

Virðingarfyllst,


Helgi Jónsson